

Áherslumál félags- og jafnréttismálaráðherra

26. janúar 2018



- Árið 2016 var úthlutað 2,8 milljörðum í stofnframlög til byggingar 509 leiguheimila. Af þeim íbúðum sem hafa fengið samþykkt stofnframlög voru 227 íbúðir ætlaðar einstaklingum og fjölskyldum undir tekju- og eignamörkum, 112 námsmannaíbúðir, 114 íbúðir ætlaðar skjólstæðingum sveitarfélaga, 19 ætlaðar öryrkjum og 37 sérstök búsetuúrræði fyrir fatlað fólk.
- Það sem af er ári 2017 hefur verið úthlutað 1,8 milljörðum í stofnframlög til kaupa eða byggingar á 369 leiguheimilum. Af þeim voru 114 fyrir leigjendur undir tekju og eignamörkum, 244 námsmannaíbúðir, 9 íbúðir ætlaðar fötluðu fólki og tvær íbúðir á vegum sveitarfélags.

- Í síðari úthlutun 2017 er til úthlutunar tæplega einn milljarður króna sem ætti að duga fyrir tæplega 200 íbúðum. Umsóknir um stofnframlög í seinni úthlutun 2017 nema hins vegar tæplega þremur milljörðum króna. Samþykkt hefur verið að sameina seinni úthlutun 2017 og fyrri úthlutun 2018 til að tefja ekki fyrir uppbyggingu.
- Fyrir liggur breyting á reglugerð um almennar íbúðir ofl. sem snýr að hámarksbyggingarkostnaði. Farið verður í viðbótarúthlutun vegna þegar samþykktu verkefna og verið er að meta viðbótarfjárförf vegna stofnframlaga 2019-2020.



- Á vorþingi verður lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um húsnæðismál þar sem kveðið verður á um breytt hlutverk ÍLS.
 - ✓ Þar er einnig að finna breytingu á lögum um almennar íbúðir sem kveður á um heimild ráðherra til að ákvarða skiptingu stofnframlaga milli hópa með reglugerð.
- Á haustþingi er gert ráð fyrir að lagt verði annað frumvarp sem snýr að lánaheimildum sjóðsins:
 - ✓ Sett verður í gang vinna um stuðning við fyrstu kaupendur og fólk sem hefur misst húsnæði.
 - ✓ Markaðsbrestalán á köld svæði og uppbygging leiguhúsnæðis.
 - ✓ Framtíðarhlutverk ÍLS á fasteignalánamarkaði.



- Áhersla á samtal milli stjórnvalda og samtök aðila vinnumarkaðarins um frekari þróun á fæðingarorlofskerfinu.

- Tillögur sem liggja á borðinu varða
 - ✓ Hækkun á hámarksgreiðslum í fæðingarorlofi
 - Gildandi fjármálaáætlun gerir ráð fyrir að hámarksgreiðslur hækki í 600.000 kr. á mánuði til foreldra barna sem fæðast eftir 1. janúar 2020?
 - Á að stefna hærra?
 - ✓ Er rétt að breyta nálgun til að koma betur til móts við tekjulægstu foreldranna?
 - ✓ Brúa þarf bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla með lengingu fæðingarorlofs.



Stuðningur við tekjulágar fjölskyldur

- Mikilvægt er að sporna gegn fátækt og jafna stuðning við tekjulágar fjölskyldur með eftirfarandi leiðarljós:
 - ✓ Endurskoða kerfi barnabóta, barnalífeyris, vaxtabóta og húsnæðisbóta.
 - ✓ Stuðningskerfin nái betur fram markmiðum sínum en í dag.
 - ✓ Fjárhagslegum stuðningi verði í ríkari mæli beint að lægri tekjuhópum.
 - ✓ Stuðningur verði óháður uppruna teknanna.
 - ✓ Hvernig styðja kerfin við einstæða foreldra.
 - ✓ Greina hvar fátæktargildir myndast.
 - ✓ Einfalda þarf kerfin og eftir atvikum sameina þau.
 - ✓ Sá stuðningur sem kerfin veita verði raunverulegur liður í að bæta kjör lægri tekjuhópa.



➤ Barnalífeyrir almannatrygginga

- ✓ Greiddur með börnum yngri en 18 ára ef annað foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi.
- ✓ Ótekjutengdar og skattfrjálsar greiðslur.
- ✓ Um 6.300 einstaklingar fá greitt í hverjum mánuði.
- ✓ Útgjöld samkvæmt fjárlögum ársins 2018 áætluð um 4.2 ma.kr.

➤ Barnabætur

- ✓ Fjöldi bótaþega 2017 var 43.546.
- ✓ Greiðslur ríkisins vegna barnabóta námu 9,3 ma.kr. við frumálagningu 2017.

➤ Mæðra- og feðralaun

- ✓ Greidd til einstæðra foreldra sem hafa tvö eða fleiri börn sín á framfæri og eru búsett hér á landi.
- ✓ Um 2.300 einstaklingar fá greitt í hverjum mánuði.
- ✓ Útgjöld samkvæmt fjárlögum ársins 2018 áætluð 258 m.kr.




Niðurstöður rannsókna benda til að:

- ✓ börn á heimilum undir lágtekjumörkum eða sem búa við skort á efnislegum lífsgæðum eru í meiri hættu en önnur börn að upplifa félagslega útilokun (social exclusion),
- ✓ börn í þessum aðstæðum hafa í minni mæli en önnur börn möguleika á að taka þátt í frístundastarfi sem hefur kostnað í för með sér,
- ✓ líklegra er að þau falli úr skóla og verði hluti af NEET hópnum (ekki í námi, atvinnu eða þjálfun) skv. skilgreiningu lífshjararannsóknar (EU-SILC),
- ✓ ungir öryrkjar hafa almennt ekki fengið viðeigandi stuðning á yngri árum að eigin mati,
- ✓ auka þarf stuðning fagaðila í grunn- og framhaldsskólum,

- Mikilvægt að velferð þátttakenda á vinnumarkaði verði höfð í fyrirrúmi.
 - ✓ Hvernig stuðlum við að því fólk fái tækifæri til að verða virkt í samfélaginu?
 - ✓ Fólk þarf að líða vel í starfi í öruggu og heilsusamlegu starfsumhverfi.
 - ✓ Flestir verði virkir þátttakendur á vinnumarkaði án tillits til aldurs, búsetu, fötlunar eða skertrar starfsgetu til að sjá sér og sínum farborða.
- Þessum markmiðum náum við ekki nema með samstilltu samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.


Staðan í dag - Nýgengi 75% öryrkja árið 2017 – 40 ára og yngri

Hlutfallstölur – fyrsta greining



Staðan í dag - Nýgengi 75% öryrkja árið 2017 – 40 ára og eldri

Hlutfallstölur – fyrsta greining



Áhrif aðstæðna í vinnuumhverfi á velferð fólks

- Stoðkerfissjúkdómar og geðraskanir eru helstu orsakir örorku á Íslandi í dag og algengi þeirra meðal kvenna er tvöfalt á við karla.
- Streita er áhættuþáttur fyrir sjúkdóma í hreyfi- og stoðkerfi sem og geðsjúkdóma.
- Talið að geðsjúkdómar ásamt stoðkerfissjúkdómum séu ástæður meirihluta forfalla af vinnumarkaði í hinum vestræna heimi.
- Hvað eru fyrirtæki á íslenskum vinnumarkaði að gera til meta áhættuþætti í vinnuumhverfi sínu?
 - ✓ 44% íslenskra fyrirtækja með áhættumat.
 - ✓ 77% fyrirtækja að meðaltali á Evrópska efnahagssvæðinu með áhættumat.



Hvað er til ráða?

- Átak í að hvetja fyrirtæki til að gera heildstætt áhættumat - einkum með tilliti til áhættuþátta er varðar stoðkerfi og sálfélagslega þætti.
- Aukin áhersla á forvarnarstarf á vinnustöðum í því skyni að tryggja heilsusamlegt vinnuumhverfi.
- Efla leiðir til þess að atvinnurekendur, stjórnendur og starfsmenn tileinki sér hugmyndafræði forvarna.
- Fyrirtæki geri skriflega áætlun um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs sem fylgt er markvisst eftir.
- Stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, þurfa að ganga á undan með góðu fordæmi, einkum er varðar starfsstéttir sem eru sérstaklega útsettar fyrir ákveðnum álagspáttum.



Komið í veg fyrir ótímabært brottfall af vinnumarkaði!

- Hvernig getur atvinnulífið komið í veg fyrir ótímabært brottfall af vinnumarkaði:
 - ❖ Áhættumat og forvarnir
 - ✓ Greina áhættur í starfsumhverfi.
 - ✓ Koma í veg fyrir óhóflegt álag á starfsmenn.
 - ✓ Grípa tímanlega inn í þegar breyta þarf vinnuaðstæðum.
 - ❖ Viðverustefna
 - ✓ Fylgjast með viðveru starfsmanna í því skyni að grípa inn í komi fram merki um að halli undan fæti, hugsanlega vegna álags í starfi.
 - ✓ Bregðast við heilsubresti starfsmanns með virkum hætti.
 - ✓ Veita starfsmönnum svigrúm til endurhæfingar þegar þörf er á.
 - ❖ Auðvelda endurkomu starfsmanns vegna heilsubrests í sitt fyrra starf.
 - ✓ Sveigjanlegur vinnutími eða hlutastarf.



Atvinnumál einstaklinga með skerta starfsgetu

- Við viljum öll auka hlutdeild einstaklinga með skerta starfsgetu á vinnumarkaði en erum við reiðubúin til þess?
 - ✓ Auka þarf fjölda hlutastarfa á almennum og opinberum vinnumarkaði fyrir fólk með skerta starfsgetu.
 - ✓ Auka þarf sveigjanleika í starfi þar sem oft getur fólk unnið fulla vinnu en verður svo frá að hverfa í einhvern tíma vegna heilsubrests.
 - ✓ Fjölga atvinnu- og starfsþjálfunarúrræðum fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu.
 - ✓ Efla atvinnusköpun/nýsköpun meðal einstaklinga með skerta starfsgetu.
- Rannsókn á styðjandi og hindrandi þáttum fyrir atvinnuþátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu.
 - ✓ Samstarfsverkefni velferðarráðuneytis, Virk, Vinnumálastofnunar, samtaka aðila vinnumarkaðarins, Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar.
 - ✓ Sjónarmið atvinnulífsins og einstaklinga með skerta starfsgetu.



Ábyrgur vinnumarkaður.

- Áhersla á að fyrirtæki sem starfa á innlendum vinnumarkaði fari að lögum og gildandi kjarasamningum.
- **Mikilvægt að sporna gegn félagslegum undirboðum.**
- Frumvarpið um útsenda starfsmenn verður lagt fram eins fljótt og kostur er:
 - ✓ að tryggja útsendum starfsmönnum laun og önnur starfskjör í samræmi við ákvæði kjarasamninga,
 - ✓ að koma í veg fyrir félagsleg undirboð,
 - ✓ ríkari upplýsingaskylda erlendra þjónustuveitenda,
 - ✓ ríkari heimildir til að miðla upplýsingum í þágu eftirlits,
 - ✓ keðjuábyrgð.



Verkefni sem þegar eru hafin

- Verkefni velferðarráðuneytis, BSRB og fjármála- og efnahagsráðuneytis um styttingu vinnutímans.
- Stöndum frammi fyrir áskorunum í tengslum við breytt starfsumhverfi í kjölfar 4. iðnbyltingarinnar („future of work“).
- Við höldum ótrauð áfram að uppræta kynbundinn launamun á innlendum vinnumarkaði.
- Vinna er hafin við jafnlaunavottun alls Stjórnarráðsins og stefnt að henni verði lokið á þessu ári.
- Áframhaldandi starf við að uppræta einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

